



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps, haldinn á bókasafni Reykhólaskóla 16. janúar 2020 kl. 13:00.

Mættir: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Ásamt Tryggva Harðarsyni sveitarstjóra, Önnu Björgu Ingadóttur skólastjóra, Auði Valdísi Grétarsdóttur fyrir hönd foreldra, Birgittu Jónasardóttur fyrir hönd leikskóla, Jóhönnu Ösp Einarsdóttur Tómsundafulltrúa og Svanborgu Guðbjörnsdóttur fyrir hönd kennara.

1. **Mannekla í leikskólanum.** Skólastjóri fór yfir starfsmannamál leikskólans. Mikilvægt að bregðast við starfsmannaeklu og endurskoða starfsmannamál.
2. **Umsókn um námsvist í grunnskóla.** Skólastjóri fór yfir málið.
3. **Heilsueflandi samfélag.** Tómsundafulltrúi kynnti fyrirhugaða umsókn um þátttöku í heilsueflandi samfélag. Mennta og menningarmálanefnd samþykkir að sækja um þátttöku í Heilsueflandi samfélagi. Tómsundafulltrúa falið að auglýsa eftir áhugasömu fólki í stýrihóp.
4. **Reglur um íþrótt- og tómsundakort.** Lagt til að breyta reglugerðinni þannig að börn geti fengið endurgreidda íþrótt- og tómsundakortun sem stunduð er utan sveitarfélags líka. Sem liður í heilsueflingu endurgreiðir Reykhólahreppur árskort sem keypt eru í Grettislaug. Þetta er sér liður undir Íþrótt- og tómsundakortinu og bætist því þessi upphæð við hjá börnum 5-17 ára. Athugið að ekki eru endurgreiddar stakar ferðir í sund eða tímakort sundlaugarinnar. Þessi liður á við alla íbúa með lögheimili í Reykhólahreppi.
5. **Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilis sveitarfélags:** Mennta- og menningarmálanefnd samþykkir umsóknina.
6. **Leikskólalóð:** Mikilvægt að hefja skipulagningu á framkvæmdum við leikskólalóð sem fyrst, þar sem beðið hefur verið eftir þessari framkvæmd og sveitarstjórn hefur gefið loforð fyrir henni. Nefndin mundi vilja fá að sjá teikningar af nýrri leikskólalóð á næsta fundi mennta- og menningarmálanefndar.

Fundi slitið 14:10.